



Mennta- og Menningarmálaráðuneytið
Sigríður Lára Ásbergisdóttir og Ásta María Reynisdóttir
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík

Garðabær 14. September, 2015

Efni: Svar við eftirfylgni með könnun um innleiðingu laga, dags. 15. ágúst 2015.

Tilv.: MMR1501521/6.14.2-

1. Ráðuneytið óskar skýringa á því hvers vegna ekki hefur verið stofnað skólaráð, foreldrafélag eða nemendafélag við skólann.

Skólaráð hefur verið starfrækt við skólann frá stofnun hans og foreldrafélag hefur verið starfrækt við skólann undanfarin ár. Hvað varðar nemendaráð þá hefur skólastjóri brugðist við og stofnað hefur verið nemendaráð við skólann frá og með september 2015.

2. Aðgangur nemenda að náms- og starfsráðgjafa.

Skólastjóri hefur brugðist við og hafa nemendur Alþjóðaskólans á Íslandi aðgang að náms- og starfsráðgjafa frá og með skólaárinu 2015-2016. Gerður hefur verið samningur við Hörpu Maren Sigurgeirsdóttur, námsráðgjafa, þess efnis.

3. Vegna birtingu upplýsinga á heimasíðu

Alþjóðaskólinn birtir lögbundnar upplýsingar um skólahald á vefsíðu skólans. Hinsvegar, vegna samkeppnissjónarmiða, hefur skólinn ekki allar upplýsingarnar opnar fyrir almenning. Starfsmenn og foreldrar geta sótt um lykilorð til að nálgast allar upplýsingar og lagt er til að opinberir eftirlitsaðilar fái einnig lykilorð, s.s. starfsmenn Menntamálaráðuneytis og skólaskrifstofa Garðabæjar.

Með vinsemd og virðingu,

Hanna Hilmarsdóttir
Skólastjóri